

Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað

Almennt um vinnustaðinn

Nýráðningar

Allir nýráðnir starfsmenn hjá Tæknivörum fá kynningu á vinnustaðnum þar sem m.a. öryggisstjóri fyrirtækisins fer yfir helstu þætti sem snúa að öryggi og umhverfismálum. Starfsmenn á skrifstofu sem og allir aðrir starfsmenn sem sinna vinnu við tölvu skulu fá leiðsögn um og hvattir til að gæta að góðum vinnustellingum, reglulegri hreyfingu innan vinnudags sem og heilbrigðum lífstíl þannig að draga megi úr líkum á og áhrifum af neikvæðum fylgifyrkum kyrrsetuvinnu.

Tæknimenn á verkstæði eru allir menntaðir rafeindavirkjar og hafa sem slíkr hlotið menntun í vinnuaðferðum og tækni sem tengist þeirra sérsviði.

Starfsmenn á lager skulu fá sértaka leiðsögn lagerstjóra og öryggisstjóra varðandi vinnuumhverfi á lager og þau vinnubrögð og starfsaðferðir sem þar eru viðhöfð til að draga úr líkum á óhöppum og vinnuslysum.

Börn og unglingar við störf

Almennt séð eru starfsmenn Tæknivara eldri en 18 ára. Þegar ráðnir eru sumarstarfsmenn sem í einstaka tilfellum geta verið undir 18 ára aldri skal þess gætt að störf þeirra séu við hæfi. Leita skal samþykkis öryggisstjóra og framkvæmdastjóra áður en börn undir 18 ára aldri eru fengin til starfa hjá fyrirtækinu.

Umferða- og gönguleiðir við vinnustaðinn

Aðgengi að vinnustað er ágætt. Vestan aðalinngangs er allstórt bílastæði sem starfsmenn (og viðskiptavinir) leggja á og þarf eðli málsins samkvæmt að gæta varúðar þegar gengið er um og yfir bílastæðið til að forðast óhöpp og slys.

Á vetrum getur myndast hálfur á bílastæðinu auk þess sem vindasamt getur verið á þessu svæði. Stjórnendur og öryggisstjóri eru meðvitaðir um þá hættu sem skapast getur og reyna eins og frekast er kostur að sjá til þess að snjómokstur og hálkuvarnir á bílastæðinu sé eins og best verður á kosið.

Umgengni og ræsting vinnustaðarins

Tæknivörur leggja metnað í að hafa vinnustaðinn hreinan og smyrtilegan. Starfsmenn skiptast á um að halda eldhúsi hreinu en dagleg þrif eru í höndum aðkeyptar þjónustu frá fagaðila. Lagt er áherslu á að hafa loftgæði sem mest og best. Lofthreinsi- og rakatæki eru í öllum rýmum auk þess sem blóm og jurtir sem bæta loftgæði eru höfð allsstaðar þar sem því verður við komið. Utanumhald um blóm og jurtir er í höndum kunnátumanns innan fyrirtækisins.

Á verkstæði er sérstakur búnaður til lofthreinsunar við lóðbolta til að draga úr útbreiðslu skaðlegra lofttegunda sem geta myndast við lóðun.

Persónuhlífar

Eðli starfseminnar er ekki þess eðlis að hún kalli á að starfsmenn beri almennt persónuhlífar við vinnu. Þó eru einstaka störf á verkstæði, svo sem lóðningar þess eðlis að starfsmenn skulu bera hlífðargleraugu við þau störf.

Skyndihjálparbúnaður

Skyndihjálparbúnaður er til staðar á vinnustaðnum en gera má betrubætur á því t.d. með því að bæta við stuðtækjum auk þess sem halda þarf skyndihjálparnámsskeið fyrir starfsmenn. Utanumhald, viðhald og úrbætur á þessu sviði eru í höndum öryggisstjóra.

Vinnuslys

Vinnuslys skulu tilkynnt og eru tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og vera ber og er það í höndum öryggisfulltúa eða framkvæmdastjóra að slíkt sé gert.

Umhverfisþættir

Hávaði á vinnustað

Ekki er unnið með hávaðasöm tæki og tól á vinnustaðnum og er hávaðamengun fyrst og fremst frá skrifstofutækjum, símtækjum og starfsmönnum sjálfum. Reynt er að draga úr hávaðamengun með réttu vali á gólfefnum og húsgögnum auk þess sem starfsmenn reyna að tileinka sér tillitssemi og faglega framkomu.

Birta og lýsing á vinnustað

Vinnustaðurinn er almennt bjartur og þægilegur. Reynt er að skýla gegn beinu sólarljósi með gluggatjöldum auk þess sem lýsing í lofti er mikil og góð.

Hitastig og loftgæði á vinnustað

Mikið er um stóra glugga á vinnustaðnum og getur því myndast allmikil birta og hiti þegar sól skín. Reynt er að draga úr óþægindum vegna þessa með almennum húsráðum eins og að opna glugga auk þess sem viftur, lofthreinsitæki og rakatæki eru notuð eftir því sem kostur er.

Hreyfi- og stoðkerfi

Rými

Vinnustaðurinn er rúmgóður og hafa starfsmenn almennt gótt rými þar sem þeim vinna auk þess sem nægt rými er til þess innan dyra sem utan til að teygja úr sér og hreyfa sig.

Vinnustellingar á verkstöðvum

Flest störf á vinnustaðnum fela í sér skrifstofuvinnu eða verkstæðisvinnu við borð. Leitast er við að bjóða upp á vinnuaðstöðu þar sem starfsmenn geta bæði setið og staðið við vinnu sína til að draga úr einhæfum vinnustellingum sem geta haft slæm áhrif á stoðkerfi og almenna heilsu. Þannig stendur öllum starfsmönnum til boða að fá skrifborð með stillanlegri hæð og hafa nokkrir starfsmenn nýtt sér þann kost.

Meðvitund um líkamsbeytingu

Starfsmenn eru almennt fremur meðvitaðir um mikilvægi réttrar líkamsbeytingar. Öryggisstjóri fer reglulega skoðunarferðir um fyrirtækið og gerir athugasemdir við stöðu og líkamsbeytingu ef þurfa þykir. Áform eru um að bæta formlega fræðslu um þessi mál með fyrirlestrum á vinnustað.

Borðtennisborð er á vinnustað og nýta allmargir starfsmenn sér það til heilsueflingar og skemmtunar. Starfsmenn eru jafnframt hvattir til almennrar hreyfingar og heilsueflingar og styrkir fyrirtækið starfsmenn til þess.

Léttitæki á vinnustað

Á lager er notast við trillu (fyrir vörupallettur) og stiga en að öðru leiti er ekki notast við svokölluð léttitæki á vinnustaðnum.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Mikið er lagt upp úr góðum vinnuanda í Tæknivörum. Almennt er vinnutími einungis innan dagvinnutíma. Helst er það á verkstæði sem vinnutími getur teygst eftir eftirspurn eftir viðgerðarþjónustu en er starfsmönnum það í sjálfsvald sett hvort og í hve miklum mæli þeir sinn slíkri viðbótarvinnu. Vinnutími er almennt mjög sveigjanlegur þótt flestir starfsmenn mæti til vinnu milli 8 og 9 að morgni og fari frá vinnu milli 16 og 17 síðdegis.

Kröfur til starfsmanna eru miklar en þó við hæfi enda býr fyrirtækið við einvala lið starfsfólks. Markmið fyrirtækisins er að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og eru starfsmenn vel til þess búnir og vel til þess fallnir að vinna að þessu markmiði.

Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefni starfsmenna fjölbreytileg og er lagt upp með að fólk hjálpi að og sé reiðubúið að fara í þau störf sem þurfa þykir hverju sinni - innan þeirra marka sem sérhæfing starfa leyfir. Slíkur fjölbreytileiki eykur starfsgleði, eykur samhældni og skilning á störfum samstarfsfólks og bætir starfsandann.

Leitast er við að hafa upplýsingaflæði innan fyrirtækisins einfalt, persónulegt og afslappað. Skrifstofurými er að mestu leyti opið sem einfaldar flæði upplýsinga sem daglega fara milli manna. Allir starfsmenn eru þó meðvitaðir um að viðskiptavinir fyrirtækisins eru oft í innbyrðis samkeppni og kallar það á varfærnislega meðferð upplýsinga - einkum gagnvart ytri aðilum. Jafnframt eru starfsmenn meðvitaðir um hvernig fara skuli með persónuupplýsingar (viðskiptavina verkstæðis) í samræmi við þar að lúttandi lög, GDPR.

Efnanotkun

Notkun hættulegra eða varasamra efna er í lágmarki í fyrirtækinu. Á verkstæði er notað alkohol í miklum styrkleika og er notkun þeirra einungis í höndum fagmenntaðra tæknimanna sem kunna að fara með slík efni. Ýmis önnur efni, svo sem blek fyrir prentara og önnur efni sem smitað geta lit í föt eða með öðrum hætti valdið óþægindum eða tjóni - en tæplega flokkst sem varasöm efni - skal farið með af skynsemi og varkárni. Ekki er þörf á sérstökum læstum hirslum undir hættuleg efni á vinnustaðnum.

Fyrirtækið flokkar og endurnýtir öll efni eins og best verður á kosið. Pappi, plast og málmar eru flokkaðir frá og er sorpi til urðunar haldið í lágmarki.

Símtæki, spjaldtölvur og önnur tæki sem fyrirtækið selur og þjónustar eru flokkuð og endurnýtt í samráði við og í samræmi við ströng skilyrði Samsung (og eftir atvikum annara framleiðenda). Upplýsingar um þessi málefni er að finna í séstökum samningi við Samsung um þessi efni.


Vélar og tæki

Engar þungar vinnivélar eru í notkun í fyrirtækinu eða á vionnustaðnum. Rafmagnslyftari sem er notaður á lager er lítill og handstýrður og er ekki krafa um að þeir sem honum stjórni hafi sérstök réttindi þar að lúttandi.

Frásog/afsog frá lóðningarstöðvum á verkstæði eru í samræmi við aðstæður.

Gátlisti til að kanna vinnuumhverfið

Gátlisti fyrir starfsmenn er ávalt [aðgengilegur starfsmönnum á netinu](#). Gátlistinn er/verður uppfærður eftir því sem athugasemdir og efni gefa tilefni til. Gátlistinn er lagður reglulega fyrir starfsmenn auk þess sem starfsmenn geta sent inn athugasemdir sínar hvenær sem er - í gegnum gátlistann eða með ábendingum til Öryggisstjóra á netfangið oryggisstjori@tvr.is



Aðgerðaráætlun - úrbætur

Öryggisstjóri fyrirtækisins vinnur úr niðurstöðum gátlista og ábendingum starfsmanna og vinnur aðgerðaráætlun. Aðgerðaráætlun hvers þáttar felur í sér eftirfarandi atriði:

- Lýsing vandamáls/hættu
- Lausn/ aðgerð til úrbóta
- Ábyrgðaraðili
- Tímaáætlun

Öryggisstjóri heldur utan um lista yfir þau atriði sem gera þarf úrbætur á og er sá listi [aðgengilegur öllum starfsmönnum á netinu](#).

Tæknivörur ehf.

Aðgerðaráætlun og úrbætur í öryggismálum

Uppfært: 23.10.2019.

#	Lýsing vandamáls/hættu	Lausn/ aðgerð til úrbóta	Ábyrgðaraðili	Tímaáætlun
1				
2				
3				
4				
5				
6				
7				
8				
9				
10				
11				
12				
13				
14				
15				
16				
17				
18				
19				
20				